

57. fundur Íþróttá- og Æskulýðsnefndar  
26. janúar 2016 kl. 17:00

Mættir eru:

María Kúld Heimisdóttir  
Agnes Helga Sigurðardóttir  
Ólöf Rún Ásgeirsdóttir  
Magnús Ingi Bæringsson  
Gunnlaugur Smáráson

Fyrri hluti fundarins hófst á því að rædd var stefnumótun í æskulýðsmálum, umræða sem nefndarmenn undirbjuggu heima fyrir.

Rætt var um að skilgreina þyrfti betur hlutverk og tilgang ungmennaráðs og virkja það meira. Nefndin vill að ungmennaráð auki samstarf sitt við Snæfell, Stykkishólmsbæ, Grunnskóla Stykkishólms og önnur félög/samtök/fyrirtæki innan bæjarins.

Nefndin ræðir það að auka fjölbreytileika í vinnuskóla unglunga á sumrin. Fá fyrirtæki og aðrar stofnanir til að taka þar þátt.

Nefndin leggur það til að samstarf á Snæfellsnesi verði aukið þegar kemur að íþróttá- og æskulýðsmálum.

Auka/bæta nýtingu húsnæðis við æskulýðsstörf. Þörf er á húsnæði og leggur nefndin til að húsnæði fyrir þess háttar störf eigi að henta fyrir félagsmiðstöð, leikfélagið, eldri borgara og aftanskin, o.fl.

Seinni hlutur fundarins. Ingvar Sigurgeirsson settist niður með nefndinni og ræddi við nefndina þróun skólustefnu til næstu fjögurra ára. Ingvar stjórnaði umræðum þar sem nefndarmenn ræddu kosti og galla skólustarfs (leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla) annars vega og íþróttá- og tómstundastarfs hins vegar. Ingvar tók umræðurnar saman og kom þeim athugasemdum/hugmyndum sem fram komu áfram til skólanefndar.

Næsti fundur áætlaður 6. febrúar 2016.

Fundi slitið kl. 19:00.